

Nd.

498. Nefndarálit

[149. mál]

um frv. til laga um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1960.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þeirri breytingu, að skattfrelsið verði einnig látið ná til vinninga í happdrætti Félags vangefinna, sem sinnir þýðingarmiklu mannúðarverki. Hefur nefndin rætt þessa breytingu við félagsmálaráðherra, sem hefur tjáð sig henni samþykkan.

Sankvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

a. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Vinningar í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og vinningar í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, sem félög þessi efna til á árinu 1960, skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti.

b. Við fyrirsögn frv. bætist:

og happdrætti Styrktarfélags vangefinna 1960.

Alþingi, 21. maí 1960.

Sigurður Bjarnason, Birgir Finnsson, Guðlaugur Gíslason.
form., frsm. fundaskr.

Hannibal Valdimarsson. Jón Skaftason.